



AKUREYRARBÆR - MÓAHVERFI

ÍBÚÐARBYGGÐ - DEILISKIPULAG

TILLAGA - 4. MAÍ 2022

Breytingar á deiliskipulagstillögunni frá því kynningu lauk 25. apríl 2022.

Breytingar eru m.a. vegna tillögu VSB verkfræðistofu sem unnið hefur að hönnun Borgarbrautar-Síðubrautar-Langamóa og vegna umsagnar umhverfis- og mannvirkjasviðs:

Sjá jafnframt meðfylgjandi uppfærðan deiliskipulagsuppdrátt.

- Sveigjur á Langamóa minnka og verða eingöngu við þverun tengistígs. Þess í stað er gert ráð upplyftum gatnamótum þar sem aðliggjandi götur koma inn á Langamóa auk þess sem upplyft (og upplýst) þverun verður þar sem tengistígur þverar Langamóa. Með því að hafa upplyft gatnamót er verið að minnka umferðarhraða og gera gatnamót sýnilegri.
- Beygja á Langamóa ofan gatnamóa við a-móa er gerð mun skarpari en áður til að draga úr umferðarhraða. Einnig eru gatnamót Langamóa við a-móa og b-móa gerð að kross gatnamótum í stað tveggja T-gatnamóa þar sem stutt er á milli T-gatnanótanna. Krossgatnamótin verða upplyft.
- Innkeyrslum inn á fjölbýlishúsalóðir ofan Langamóa er fækkað um helming þannig að ein innkeyrsla er fyrir hver fjögur fjölbýlishús.
- Breidd Langmóa verður 5,0-6,0 m í stað 7,0 m.
- Breidd aðkomugatna í sérbýlishluta (c- og j- móa) verður 6,0 m í stað 7,0 m. Vegna þessa breikka aðliggjandi lóðir beggja megin gatna um 0,5 m.
- Lagt er til að framlenging Síðubrautar til suðurs frá gatnamótum við Borgarbraut verði safngata í stað þess að vera tengibraut þar sem tenging er inn í hverfið frá þessum hluta Síðubrautar. Skilið verður eftir pláss til að breyta götunni í tengibraut, m.a. ef til þess kemur að Síðubraut framlengist að Rangárvöllum til framtíðar.
- Gert er ráð fyrir göngutengingum yfir allar fjórar akstursteningar inn á hringtorg Borgarbrautar við Langamóa og Bröttusíðu en áður voru aðeins tvær göngutengingar.
- Tengistíg meðfram framlengdri Síðubraut til suðurs frá gatnamótum við Borgarbraut er breytt í stofnstíg.
- Botngötur í sérbýlishluta verða 5,5 m í stað 6,0 m.
- Stofnstígar verða 5,0 m í stað 4,5 m.
- Bætt er við göngutengingu yfir Langamóa við gatnamót c-móa til að tengja sérbýlishlutann beggja megin c-móa betur við fjölbýlishluta hverfisins.



- Gangstéttar meðfram u-móa frá a-móa að stofnstíg meðfram Borgarbraut (í eystri hluta fjölbýlishluta hverfisins) verða á bæjarlandi í stað þess að vera innan lóða og minnka aðliggjandi lóðir vegna þess.
- Bætt er við núverandi hljóðvörn meðfram Síðubraut við baklóðir Jaðarsíðu.
- Lóðir raðhúsa við g-móa og n-móa stækka aðeins til að minnka óþarfa bæjarland ofan lóðanna.
- Stígstubbur í gegnum skógarsvæði norðan Borgarbrautar (sem tengist tengistíg meðfram Borgarbraut og stofnstíg meðfram Síðubraut) verður tengistígur í stað þess að vera almennur stígur.
- Bætt er inn á deiliskipulagsupprátt táknum sem sýna að tengibrautirnar Borgarbraut og Síðubraut eru með 50 km/klst. hámarkshraða en safngatan Langimói og aðrar götur innan hverfisins eru með 30 km/klst. hámarkshraða.

Vegna hliðrunar Borgarbrautar um 30 m til norðurs við gatnamót við Síðubraut (sjá upplýsingar hér að neðan) eru lóðir fyrir fjölbýlishúsin þrjú sem eru á 6 hæðum stækkaðar og verða um 25 m á milli byggingarreita í stað um 20 m áður.

- Tengistígur innana skipulagssvæðisins geta verið samstígar gangandi og hjólandi eða aðskildir hjóla- og göngustígar og allt að 5,0 m að breidd. Áður var gert ráð fyrir að tengistígar væru aðeins 3,0 m að breidd með blandaðri umferð hjólandi og gangandi.
- Teknar eru út aðkomuleiðir akandi á bæjarlandi inn á bílastæði á milli lóða í inngarðabyggð. Þess í stað eru aðkomuleiðirnar innan þeirrar lóðar sem er vinstra megin aðkomu en kvöð sett á lóðirnar um að aðkoma akandi sé um lóðirnar inn á bílastæði aðliggjandi lóðar til hægri.
- Bætt er við tilvísun í Ljósvistarskipulag Akureyrar í greinargerð deiliskipulags.

- **Borgarbraut, þverun gangandi**

Ekki er talið heppilegt að hafa undirgöng fyrir gangandi undir Borgarbraut eins og gert var ráð fyrir í tillögunni þar sem það kallar á miklar skeringar og fláa vegna aðliggjandi stíga og flókna hæðaraðlögun að aðliggjandi lóðum. Einnig er flókið að útfæra hljóðvarnir ef Borgarbraut er lyft sem þörf er á vegna undirgangna.

Þessi í stað leggur VSB til að göngubrú verði sett yfir Borgarbraut á sama stað en þá þarf að sökkva Borgarbraut um 2-3 m á kafla. Við það þarf að hliðra Borgarbraut um 30 m til norðurs við gatnamót við Síðubraut til að aðkoma akandi inn á lóð fyrir verslun- og þjónustu verði möguleg án of mikils langhalla tengingarinnar.

Vegna þessa er sú breyting gerð að þverun Borgarbrautar fyrir gangandi og hjólandi verður á göngubrú í stað þess að vera um undirgögn eins og var gert ráð fyrir í auglýstri tillögu.